

Sérstakar reglur alþjóðlegu kortafélaganna um birtingu skilmála á netinu um afbókanir og vöruskil

Vegna Mastercard, Visa og American Express móttöku

Kortafélögin Mastercard, Visa og American Express hafa skýrar reglur um framsetningu vöruskila- eða afbókunarskilmála á netinu. Samkvæmt þeim þurfa seljendur að geta sýnt fram á að vöruskila- eða afbókunarskilmálarnir hafi verið sýnilegir korthöfum á heimasíðu seljanda við bókun eða pöntun. Ekki nægir að vísa til þess að lesa þurfi skilmála sem opnast í nýjum glugga eða í flettilista heldur þurfa skilmálarnir að birtast í bókunarglugganum sjálfum. Korthafinn þarf svo að staðfesta að hafa lesið skilmálana og samþykkt þá s.s. með beinni yfirlýsingu eða haki. Einnig er nauðsynlegt að vöruskila- eða afbókunarskilmálarnir séu sendir með staðfestingu bókunar til korthafa.

Borgun vill ítreka að ef óskað er eftir endurgreiðslu á hvers konar bókun sem greidd er fyrirfram þá skal endurgreiða færsluna á kortið sem skuldfært var af upphaflega. Endurgreiðsla með öðrum hætti er óheimil.

Ofangreind atriði eru unnin eftir reglum frá alþjóðlegu kortafélagunum og geta tekið breytingum

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá þjónustuveri Borgunar í síma 560 1600 eða með tölvupósti á borgun@borgun.is

Starfsfólk Borgunar